



Alþýðusamband Íslands

Ályktun 40. þings ASÍ um öflugt atvinnulíf, menntun við hæfi og góð störf

Öflugt og framsækið atvinnulíf þarfnast starfsmanna með menntun og færni til að takast á við þau verk sem þarf að vinna. Á sama hátt gerum við kröfur til þess að atvinnulífið skapi öllum áhugaverð störf við hæfi sem tryggja góða afkomu og aðbúnað.

Atvinnulífið í dag og enn frekar í framtíðinni kallar á að menntakerfið leggi áherslu á skapandi greinar og nýsköpun, eflingu starfs- og tæknináms á fjölmörgum sviðum. Nauðsynlegt er að jafna stöðu þess gagnvart bóknámi þannig að slíkt nám sé raunhæfur og eftirsóknarverður kostur, jafnt fyrir ungmenni og einstaklinga sem komnir eru út á vinnumarkaðinn.

Vinna þarf ítarlega greiningu á mannaflapörf á vinnumarkaði til lengri og skemmri tíma þar sem tekið er mið af stefnumörkun í atvinnumálum. Slík greining verði höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um framboð á menntun, bæði í skólakerfinu og í endur- og eftirmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði, og í náms- og starfsráðgjöf til ungmenna og fullorðinna. Þannig má stuðla að því að atvinnulífið fái hæft starfsfólk og sköpuð verði góð og arðbær störf.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, samtaka launafólks og atvinnurekenda að móta heildstæða atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu til að ná framangreindum markmiðum.

Áherslur ASÍ:

- Auka þarf gildi og skilning á mikilvægi verk- og tæknimenntunar á öllum sviðum
 - Með því að slík menntun verði a.m.k. metin jafngild bóknámi
 - Með öflugri náms- og starfskynningu í efri bekkjum grunnskóla
 - Með því að efla tengsl grunnskóla og verkmenntaskóla á framhaldsskólastigi
 - Með því að fyrirtækin axli meiri ábyrgð varðandi menntun oog starfsþjálfun nema og starfsmanna sinna
- Menntakerfið verði gert sveigjanlegra:
 - Þar sem sú færni og hæfni sem einstaklingar hafa tileinkað sér er metin og þeim gert mögulegt að byggja ofan á hana með styttra og lengra námi
 - Til að mæta þörfum fyrirtækja og einstaklinga fyrir nýja þekkingu og færni á hverjum tíma
 - Þar sem formlega menntakerfið og símenntunaraðilar mynda eina heild
- Fólk á vinnumarkaði verði auðveldað að sækja sér frekari menntun
 - Einstaklingar með litla formlega menntun fái „nýtt tækifæri til náms“
 - Réttur til endur- og eftirmenntunar verði viðurkenndur sem hluti af kjörum starfsmanna
 - Námslána- og námsstyrkjakerfið verði endurskoðað út frá hagsmunum vinnandi fólks

Hlutverk ASÍ:

- Tryggja hagsmuni launafólks við mótun samþættrar atvinnu-, mennta- og vinnumarkaðsstefnu
- Beita sér fyrir og leiða aukið samstarf atvinnulífs og skóla

- Vera leiðandi í þróun vinnumarkaðsúrræða fyrir atvinnuleitendur og þá sem standa höllum fæti á vinnumarkaði